



Alþingi
Erindi nr. P 138/2628
komudagur 1.6.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 28.05.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga, þskj. 939 – 549. mál**

Að beiðni umhverfisnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga, þskj. 939 – 549. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010.

Landsvirkjun fagnar framkomnu frumvarpi og telur efni þess styrkja í sessi frumstoðir íslensks upplýsingasamfélags. Það er mat Landsvirkjunar að frumvarpið, ef það verður að lögum, hvetji til og hraði allri vinnu við að uppfæra úr sér gengin gögn, sem strundum liggja til grundvallar við markalínur stjórnsýslueininga og jarðamörk. Það er jákvætt. Landsvirkjun gerir að öðru leyti ekki sérstakar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri